

Ár 1984 , miðvikudaginn 9. maí, var í málinu nr. 5/1983 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi dagsettu 15. nóvember 1982 til Fasteignamats ríkisins óskuðu eigendur jarðanna Hvammsgerðis, Áslaugarstaða, Leifsstaða, Þorvaldsstaða, Breiðamýrar, Lýtingsstaða og Fagurhóls í Selárdal í Vopnafirði, að laxveiðihlunnindi jarðanna yrðu endurmetin.

Með bréfi dagsettu 1. febrúar 1983 tilkynnti Fasteignamat ríkisins jarðeigendum, að krafa þeirra væri ekki tekin til greina.

Hinn 10. júní 1983 óskuðu jarðeigendur eftir úrskurði og endurskoðun Yfirfasteignamatsnefndar á fasteignamati laxveiðihlunninda jarðanna.

Kærendur benda á, að laxveiði hafi algerlega brugðist í Selá árin 1981 og 1982. Við þessu hafi verið brugðist með allitarlegum rannsóknum og aðgerðum. Það hafi hins vegar haft aukinn kostnað í för með sér. Fiskifræðingar hafi ekki þorað að fullyrða að veiðin hafi náð lágmarki. Þó svo væri, að veiði í ánni hafi náð lágmarki og veiði fari vaxandi næstu árin taki tíma að ná aftur þeim orðstír, sem áin hafði sem stangveiðiá.

Líkur séu því á, að arður árinna lækki eða standi í stað.

Kærendur hafa rökstutt kröfur sínar nánar í framlögðum skjölum. Umrædd kára hefur verið send Vopnafjarðarhreppi til umsagnar, en umsögn hefur ekki borist.


Ljóst er af gögnum málsins, að laxveiði í Selá hefur verið mjög mismunandi mikil á undanförunum árum. Hin litla laxgengd árin 1981 og 1982 skapar vissulega óvissu um arðsemi árinna, þrátt fyrir aðgerðir jarðeigenda til að snúast gegn þessu með aukinni ræktun.

Rétt þykir að ákveða fasteignamat laxveiðihlunninda jarðanna miðað við 1. desember 1982 svo sem hér segir:


Áslaugarstaðir	Kr. 102.000,-
Breiðamýri	Kr. 92.000,-
Fagurhóll	Kr. 114.000,-
Hvammsgerði	Kr. 787.000,-
Leifsstaðir	Kr. 51.000,-
Lýtingsstaðir	Kr. 81.000,-
Þorvaldsstaðir	Kr. 183.000,-

Ú R S K U R Ð A R O Ð :


Fasteignamat laxveiðihlunninda ofangreindra jarða í
fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1982 ákveðst
svo sem að framan segir.



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon



Bjarni Kristinn Bjarnason